

GJALDSKRÁ

RARIK ohf. fyrir sölu á heitu vatni.

1. Sala á heitu vatni.

Taxti	Tegund	Eining	Án vsk	Með 2% auðlinda-skatti	Með 11% vsk	Skýring
Höfn, hitaveita.						
H81	Fastagjald	kr./dag	120,20	122,60	136,09	
	Orkugjald	kr./kWst.	6,16	6,29	6,98	
Siglufjörður.						
HV4	Fastagjald	kr./dag	90,81	92,62	102,81	
	Orkugjald	kr./kWst.	3,75	3,83	4,25	
Dalabyggð.						
HV6	Fastagjald	kr./dag	122,09	124,53	138,23	Hús í þéttbýli
	Orkugjald	kr./kWst.	5,20	5,30	5,89	
HV61	Fastagjald	kr./dag	74,62	76,11	84,48	Hús í dreifbýli
	Hemlagjald	kr./l/mín/ár	54.475	55.564	61.676	
HV63	Fastagjald	kr./dag	74,62	76,11	84,48	Lögbýli, 25kW
	Hemlagjald	kr./l/mín/ár	295.051	300.952	334.057	
Blönduós/Skagaströnd.						
HV7	Fastagjald	kr./dag	122,09	124,53	138,23	
	Orkugjald	kr./kWst.	5,20	5,30	5,89	

Minnsta sölumagn um hemil er 3 l/mín.

Eftir tilkomu orkumæla stefnir RARIK á að afleggja sölu um hemil úr hitaveitukerfi RARIK og í stað þess að taka upp sölu um orkumæla. Því er taxti H61 og H63 ekki í boði fyrir nýja notendur.

2. Niðurgreiðslur og virðisaukaskattur.

2.1 Niðurgreiðslur.

Umhverfis- og orkustofnun hefur umsjón með niðurgreiðslum, sjá nánar á vef stofnunarinnar: www.uos.is.

2.2 Virðisaukaskattur

Virðisaukaskattur á húshitun er 11%. Virðisaukaskattur á tengigjöld til húshitunar er 11%, önnur tengigjöld bera 24% vsk. Virðisaukaskattur af þjónustu ræðst af veitutaxta.

2.3 Umhverfis og auðlindaskattur.

Skattur á smásöluverð af heitu vatni er 2%.

3. Tengigjöld.

3.1 Tengigjöld í þéttbýli.

Tengigjald fyrir hverja 20 mm heimæð er 519.746 kr. án vsk.

Fyrir hverja mælagrind umfram eina greiðast 134.454 kr. án vsk.

3.2 Takmörkun.

RARIK er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.

3.3 Aukakostnaður.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en gildandi gjaldskrá segir til um samkvæmt lið 3.1 skal greiða þann áætlaða kostnað sem umfram er.

3.4 Tengigjöld í dreifbýli, frávik og breytingar.

Gjöld fyrir dreifbýli og við fullfrágengnar götur svo og aðrar stærðir heimæða í þéttbýli en um getur að ofan svo og fyrir breytingar greiðist samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni.

3.5 Endurtenging.

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði má búast við aftengingu heimæðar. Falli notkun um heimæð niður í að minnsta kosti 1 ár, telst heimæð aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald samkvæmt taxta H1 fyrir þann tíma sem liðinn er frá aftengingu auk endurtengingargjalds 45.679 kr. án vsk. Gjald fyrir lokun veitu þar sem að grafa þarf niður á lögn 199.902 kr. án vsk.

3.6 Annað.

Heimæðar eru í eigu RARIK en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst.

4. Þjónusta.

Verð án vsk

Vanskilainnheimta.

Gjald lagt á við sendingu innheimtubrúfs samkvæmt reglugerð.

Veitulokun.

Gjald fyrir lokun veitu á vinnutíma	21.017 kr.
Gjald fyrir opnun veitu á vinnutíma	0 kr.
Gjald fyrir opnun veitu utan vinnutíma	42.027 kr.
Gjald fyrir lokun þar sem grafa þarf niður á lögn	199.902 kr.

Mælaálestrar.

Reglubundnir álestrar	0 kr.
Aukaálestur starfsmanns dreifiveitu	8.755 kr.
Aukaálestur, sjálfsálestur viðskiptavinar	0 kr.

Útkall.

Útkall á vinnutíma	21.017 kr.
Útkall utan vinnutíma	42.027 kr.

Tilkynningar- og greiðslugjald.

Séðilgjald	300 kr.
Greiðslugjald	233 kr.
Boðgreiðslur	0 kr.

5. Almennar skýringar.

5.1 Innheimtugjald.

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu, lagt á við útsendingu innheimtubrúfs.

5.2 Lokunargjald.

Gjöld til greiðslu kostnaðar við að loka og opna fyrir afhendingu á heitu vatni.

5.3 Aukaálestrar.

Aukaálestrar skulu að jafnaði fengnir með sjálfsálestri notanda sem komið er til skila gegnum síma, skriflega eða með innslætti á vef RARIK.

5.4 Útkall.

Útkall vegna bilunar sem reynist vera í veitu (kerfi) notanda skal hann greiða samkvæmt gjaldskránni.

5.5 Greiðslumátagjöld.

Greiðslumáti er samheiti yfir það með hvaða hætti reikningur sem til verður í reikningskerfi er gerður greiðsluhæfur fyrir viðskiptavininn. Dæmi um greiðslumáta: beingreiðsla, boðgreiðsla, bankagreiðsla á greiðsluseðli, greiðsla í heimabanka, rafrænn greiðslumáti o.s.frv.

6. Gildistaka og brottfall eldri gjaldskrár.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn RARIK ohf., sbr. 6. gr. laga nr. 25/2006, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, til að taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá RARIK ohf. sama efnis, nr. 1680/2024.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 30. apríl 2025.

F. h. r.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.

Hreinn Hrafnkelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 2. maí 2025